

Mál nr. 47/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Suðurlandsvegi vestan Hestagerðis í Hornafjarðarbæ 22.12.2016.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 10.2. 2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
2. Bréf V dags.

Málsatvik.

Árekstur varð á Suðurlandsvegi vestan Hestagerðis í Hornafjarðarbæ. Í lögregluskýrslu segir að það hafi verið hálka og frost. Ökumaður A segist hafa verið að aka bifreiðinni til vesturs og séð að farangurslúgan að aftan á B, sem ók á undan A hafi verið opin og hafi hann ekið framúr rútunni og kveikt viðvörunarljós til að vekja athygli ökumanns B á að eitthvað væri að og hafi síðan hægt of fljótt á sér og séð þegar B lenti aftan á A, sem hafi runnið út af veginum hægra megin. Ökumaður B segir að A hafi hægt skyndilega á sér og hafi hann hemlað en ferðin það mikil að B hafi lent aftan á A og runnið síðan út af veginum vinstra megin.

Álit.

Í lögregluskýrslu kemur fram að það hafi verið hálka á veginum þegar árekstur varð. Ökumaður A ók fram úr B og hægði síðan ferðina með þeim afleiðingum að ökumaður B náði ekki að stöðva B og árekstur varð með bifreiðunum. Ástæða árekstursins er því sú að ökumaður A hægir á sér eftir að hafa ekið fram úr B. Öll sök verður því lögð á ökumann A, sem gætti ekki nægjanlegrar varkárni þegar hann ók fram úr og í veg fyrir B og hægði síðan skyndilega á hraða A með þeim afleiðingum að ökumaður B náði ekki að stöðva bifreiðina og árekstur varð.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 21.3. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.